

Hvers virði er vatnið ?

Nokkrar hugleiðingar, staðreyndir og ályktanir á ársfundi Orkustofnunar 2010

Kristinn Einarsson, mars 2010

Yfirlit

- Um stöðu og framtíð vatnsins sem auðlindar
- Staðreyndir um nýtingu ferskvatns á Íslandi og þjóðhagslegt og fjárhagslegt virði þess
- Ályktanir um mögulega þróun og framtíðarvirði

Um stöðuna og framtíðina

- „Efnahagskreppan hefur beint sjónum fólks inn á við og fyrir marga er það nánast ný uppgötvun hversu gjöfult Ísland er. Í ljósi skorts á hreinu drykkjarvatni á stórum heimssvæðum getum við Íslendingar meðal annars verið þakklátir fyrir þá dýrmætu auðlind sem fólgin er í vatninu okkar.
- Vatnsskortur er ein helsta orsök fátæktar og sjúkdóma í heiminum. Meira en milljarður manna býr við skort á þeirri lífsundirstöðu sem fólgin er í hreinu vatni og hálfur þriðji milljarður hefur ekki aðgang að vatni sér til hreinlætis. Hatrammar deilur eiga þegar í dag rætur í baráttu um aðgang að vatni – og því er spáð að stríðsátök nýhafinnar aldar muni fremur snúast um vatn en olíu.
- Það ætti því að vera eitt af okkar brýnustu verkefnum að þessi ómetanlega auðlind, íslenska vatnið, verði skilgreind í stjórnarskránni sem almannaeign – engu síður en fiskurinn í sjónum. Og sem þjóð þurfum við að beina sjónum okkar að því hvernig við getum nýtt ferskvatnslindir Íslands í þágu heimsins.”


Áramótaávarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra 31.12.2009

Staðreyndir um auðlindina

- Við eigum gnægð af góðu ferskvatni, en auðlindin er viðkvæm og hana þarf að vernda fyrir mengun, því betur sem gnægðin er meiri
- Rennsli vatns af landinu er rúmlega þúsundfalt rennsli Elliðaáanna, þar af er talið að um fimmtungur fari um jarðlögin sem grunnvatn
- Við nýtum ferskvatn sem svarar rúmlega rennsli Elliðaáanna, þar af er tæpur helmingur neysluvatn
- Neysluvatnsnotkun um 700 l/mann/dag

Afrennsli er mikið, en því er misdreift

Drög að afrennisliskorti fyrir vatnsárin 1987-2001




Afrennisliskort reiknað í 1x1 km reitum

Afrennsli 1645 mm/ári – svarar til 5370 m³/s í rennsli

Jóna Finndís Jónsdóttir 2007

Þar sem er þéttbýli, þar er vatnsveita...




680 vatnsveitur eru undir opinberu eftirliti
Hér sjást aðeins 120, eða þær helstu


Hvers virði er neysluvatnið ?

- Tekjur vatnsveitna árið 2008: 4,1 milljarður kr.
- Leyfilegur vatnsskattur 2008 (0,5 % af stofni fasteignagjalds): 20,7 milljarðar kr.
- Meðalverð til neytenda um 52 kr. á tonn
- Vatnsgjald á mann um 12.900 kr. á ári
- Leyfilegt verð til neytenda um 260 kr. á tonn
- Leyfilegt vatnsgjald á mann um 64.700 kr. á ári

Útflutningur 1999-2009 , þús. tonna



FOB virði útflutnings, milljónir kr.



Hvers virði er útflutt vatn ?

- Útflutningsvirði óáfengra drykkja í neytendaumbúðum árið 2008: 0,78 milljarðar kr.
- Útflutningsverð í erl.mynt um 387 €/tonn
- Verð á vatni í Reyðarfjarðarhöfn 0,11 €/tonn
- Verð á vatni til útflutnings hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar 0,38 €/tonn



Margfeldisáhrif minnst þúsundföld

Þjóðhagslegt gildi

- Vöruútflutningur 467 (2008) og 497 milljarðar kr. (2009)
- FOB virði óáfengra drykkja 0,78 milljarðar kr. (< 0,2 %)
- Magn útfluttra óáfengra drykkja var 16.000 tonn
- Svarar til um 5 l/s í rennsli, eins og lítill bæjarlækur
- Fremur auðvelt er að útvega þúsundfalt það magn
- En þýðir það útflutningstekjur sem yrðu af sömu stærðargráðu og vöruútflutningurinn í heild ?
- Hvernig á að stýra því, hvort það fást tugir eða tugþúsundir króna fyrir tonnið til framtíðar litið ?

Möguleg framtíðarsýn

- Segjum sem svo, að markaður finnist fyrir útflutning sem nemur núv. neysluvatnsnotkun, þ.e. helminginn af rennsli Elliðaána, eða 78,9 milljónir tonna á ári
- Hvort viljum við fá 20-60 kr. (0,11-0,38 €) eða rúmlega 70.000 kr. (387 €) fyrir tonnið ? Það er að segja:
- Hvort viljum við 1,5- 5 milljarða á ári eða 5.600 milljarða á ári í útflutningstekjur af þessu magni ?
- Munum að virði útflutnings 2009 var 497 milljarðar kr.

Ályktanir að lokum

- Skilgreiningin á vatni í stjórnarskrá sem auðlind í almannaeygu gæti verið góð undirstaða lagasetningar til þess að stýra útflutningsverðmæti vatnsins
- Auðlindagjald kemur til greina sem leið til að tryggja að sanngjarnt endurgjald skili sér í þjóðarbúið
- Líta þarf á vatnstöku til útflutnings óháð forgangi að vatni til vatnsveitu
- Setja þarf ákvæði um hámarkstíma skuldbindinga við sölu á vatni til útflutnings